

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 66 – 17.03.2006

Föstudaginn 17. mars, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fjórða veitan
2. Hitaveita Hjaltadals
3. Bréf frá Kiwanis-klúbbum Drangey.
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Áskell Heiðar sviðstjóri hjá Sv. Skagafjarðar kynnti minnisblað um Gagnaveitu Skagafjarðar sem unnið var af vinnuhóp sem í sitja Áskell Heiðar Ásgeirsson fh. Sv. Skagafjarðar, Snorri Styrkársson fh. Fjölnets ehf. og Páll Pálsson fh. Skagafjarðarveitna ehf. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka þátt í stofnun Gagnaveitu Skagafjarðar og hefja viðræður við eigendur Fjölnets ehf um málið eins fljótt og kostur er.
2. Erindi til Byggðaráð Sv. Skagafjarðar vegna Hitaveitu Hjaltadals.

Á árinu 2005 yfirtóku Skagafjarðarveitur ehf. 96% eignarhlut ríkissjóðs í Hitaveitu Hjaltadals. Eigendur Hitaveitu Hjaltadals eru því Skagafjarðarveitur ehf. (96%) og Sveitarfélagið Skagafjörður (4%). Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. telur eðlilegast og hagkvæmast að þessar tvær hitaveitur séu sameinaðar frá ársbyrjun 2006.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. óskar því hér með eftir því við sveitarstjórn Skagafjarðar að eignarhluti sveitarfélagsins í Hitaveitu Hjaltadals verði yfirtekinn (keyptur) af Skagafjarðarveitum ehf. Með því er unnt að sameina Skagafjarðarveitur ehf. og Hitaveitu Hjaltadals undir einu nafni og einni kennitölu.

Þar sem sveitarfélagið á nú þegar allt hlutfé í Skagafjarðarveitum ehf. hefur þetta í raun engin áhrif á eignarhald sveitarfélagsins yfir veitufyrirtækjum.

Veitustjóra falið að koma erindinu til byggðarráðs Skagafjarðar.

3. Lagt fram bréf dags. 17. mars 2006 frá Kiwanis-klúbbum Drangey þar sem óskað er eftir kynningu á starfssemi Skagafjarðarveitna ehf. til handa meðlimum klúbbsins nk. miðvikudag 22. mars kl. 20.45. Stjórnin samþykkir erindið.
4. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25

Páll Pálsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Einar Gíslason (sign)

Gísli Árnason (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.